

| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | |
|-----------------------------|----------------|
| Bnr. 0-0 | K/S 16.2.18 |
| Ábmr. | Svfr. |
| Afgr. Fjörðum | ()Bréf ()St. |
| Lvm. | Trm. |

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss**



**Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita**

Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Sími 480 5550
www.utu.is

Laugarvatni, 8.02.2018
Tilvísun: 1802020 SB

Efni: Bugðugerði 3: Árnes: Breytt úr parhúsaloð í raðhúsaloð: Deiliskipulagsbreyting

Á fundi skipulagsnefndar þann 8. febrúar 2018 var erindi þitt tekið fyrir og hlaut það eftirfarandi afgreiðslu:

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi innan þéttbýlisins í Árnesi og varðar lóðina Bugðugerði 3. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að á lóðinni verði byggt parhús en skv. breytingartillögu er gert ráð fyrir að henni verði breytt í þriggja íbúða raðhúsaloð.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytinguna og samþykkir að grenndarkynna hana fyrir íbúum í Bugðugerði skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þegar deiliskipulagsbreyting sem nýlega var samþykkt í sveitarstjórn og nær að hluta til þessa svæðis hefur tekið gildi.

Samþykkt skipulagsnefndar hefur verið send viðkomandi sveitarstjórn til staðfestingar. Sá fyrirvari er á þessari tilkynningu um samþykkt skipulagsnefndar að sveitarstjórn staðfesti hana á næsta fundi sínum.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við embættið.

Virðingarfyllst,

Umhverfis- og tæknisvið
Uppsveita

Sigrún Elín Birgisdóttir
Ritari skipulagsfulltrúa